



„FALSRÉTTIR OG VÍSINDI“

**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á málþingi Háskóla Íslands,
í tilefni af 20 ára afmæli Vísindavefjar skólans.
Þjóðminjasafni Íslands,
7. febrúar 2020**

Rektor Háskóla Íslands,
ritstjórar Vísindavefs háskólans að fornu og nýju,
aðrir góðir gestir.

„[S]aman verður að fara vísindaleg rannsókn, sem er undirstaðan, og alþýðleg kynning.“ Þannig komst Kristján Eldjárn forseti Íslands að orði fyrir hartnær hálfri öld og er við hæfi að vitna í hann á þessum stað. Kristján hafði um árabil unnið að vísindalegum rannsóknum hér í Þjóðminjasafni Íslands og víða á vettvangi, en færði almenningi jafnframt fræðin á bókum, ekki síst í doktorsritgerðinni Kuml og haugfé í heiðnum sið sem varð metsölurit. Kristján Eldjárn kom rannsóknum sínum ekki aðeins á framfæri á prenti heldur einnig í sjónvarpi, nýjum miðli hans daga. Þar nutu þættir hans, Munir og minjar, mikilla vinsælda.

Vissulega eru þeir fræðimenn til sem telja það ekki í verkahring sínum að koma sínum rannsóknum á framfæri við almenning og finnst jafnvel lítið til slíks starfa koma. Ég man líka úr mínum háskólaferli að sú iðja var ekki endilega til margra punkta metin, því miður.

En þetta verður vissulega að fara saman, vísindaleg rannsókn og alþýðleg kynning. Við verðum að forðast að úti í samfélaginu sjái almenningur fræðafólk sem hrokagikki í fílabEinsturni, og sömuleiðis að í fræðasamfélagi sé jafnvel lítið á almenning sem fávísan lýð, fastan í fordómum og þröngsýni. Hér má einfaldlega ekki byggja óþarfa múra, skipa fólk í ímyndaðar stríðandi fylkingar. Hér þarf frekar að finna milliveg, hér þarf að byggja brýr. Hér þarf að vera opið

torg, samkomustaður þar sem fólk getur kynnt sér rannsóknir og fræði, þar sem fræðimenn finna jafnframt hvað brennur á fólki, þar sem spurninga er spurt og svör eru veitt.

Hér þarf sem sagt vísindavef. Á tuttugu ára afmæli hans óska ég öllum, sem að honum hafa unnið, hjartanlega til hamingju með þennan frábæra vettvang sem hefur vaxið og dafnað og mun eflaust gera það enn.

Hverju er svarað á vísindavefnum? Hverju er ekki svarað á vísindavefnum? Hver eru lengstu fljót í heimi? Hvað gerir forseti Íslands og hvaða völd hefur hann?

Ágætu áheyrendur! Sú var tíð að ég sat á skrifstofu minni í Árnagarði, „musteri íslenskra fræða“ eins og húsið hefur verið kallað, og horfði öfundaraugum yfir Suðurgötuna, yfir til starfssystkina minna í Háskóla Íslands í VR I, II og III, yfir til alls raunvísindafólksins. Árum saman hafði verið keppt við það í heimi hugvísindanna að endurskoða og efast, gagnrýna og afbyggja. Sannleikshugtakið virtist farið veg allrar veraldar og staðreyndir með, í staðinn hlyti allt bara að byggjast á sjónarhorni þess sem segði frá hverju sinni.

Nú ýki ég auðvitað stöðu mála en höfðu þeir ekki fastara land undir fótum handan götunnar? Þar var einn plús einn alltaf tveir, lotukerfið alveg eins sama hvernig á það var litið og unnt að endurtaka tilraunir og fá sömu lyktir, burtséð frá því hver blandaði saman efnunum og hellti í glasið.

Eða hvað? „Að mæla nákvæma lengd vatnsfalla er ekki alltaf eins einfalt og það kann að virðast í fyrstu.“ Þannig hefst svar vísindavefjarins um lengstu fljót heimsins og þarna streymir líka áfram einn vandi fræðanna. Í heimi raunvísinda – rétt eins og í félags- og hugvísindum – er tekist á um rannsóknir, aðferðir og niðurstöður. Öll fræði hljóta að byggjast á efahyggju, fyrirvörum gagnvart viðteknum skoðunum og vissu fálæti í garð valdhafa og ráðandi afla, líka þeirra sem vinna innan vísindasamfélagsins.

Satt er það – en sönn vísindi byggjast samt líka á því að fólk virði muninn á réttu og röngu, að fólk fallist á grundvöll allrar þekkingarleitar – að spyrja, rannsaka og álykta – og viðurkenni að upplýsing, fræðsla og lærdómur skiptir máli, að þótt við getum ekki svarað með fullri vissu hvert sé lengsta fljót í heimi og hver séu völd og verkvið forseta Íslands getum við sagt að sumt sé satt og annað ekki. Því ef það er enginn sannleikur til þá hverfur lygin líka og hverjir græða helst á því?

Vísindavefurinn er því líka ofinn til varnar sérþekkingu, til varnar vísindalegum vinnubrögðum. Illu heilli virðast furðu margir vilja gera lítið úr þeim grunnstöðum um okkar daga, stjórnámamenn, álitsgjafar og aðrir sem vilja hafa áhrif í ys og þys samtímans. Við þurfum þess vegna að standa vörð um sérhæfingu og þekkingu, ekki með valdboði og ekki með menntahroka, heldur

með því að láta verkin tala, leyfa ólíkum, rökstuddum sjónarmiðum að heyrast, vera opin fyrir nýjungum og miðla fjölbreyttum rannsóknum og niðurstöðum.

Og vísindavefurinn er ofinn til varnar hófstilltri umræðu, kurteisi í mannlegum samskiptum. Á vísindavefnum finnst ekki fúkyrðaflaumur, þar finnst ekki nafnlaust nið.

Loks er vísindavefurinn vörn gegn falsfréttum. Um þær mætti margt segja en frá mínum bæjardyrum séð bíður það betri tíma. Í anda þessa erindis er líka best að láta mál núna niður falla og gefa þeim orðið sem hér munu miðla af þekkingu sinni á mikilvægu efni. Einu bæti ég þó við í blálökin: Fyrir um fimm hundruð árum efldist lýðræði og upplýsing smám saman. Mannhyggja jókst, vísindabyltingin hófst. Einræði, þröngsýni og viðjar vanans létu undan síga. Ekki hafa allar nýjungar nýst til framfara en við búum í betri heimi en áður og nú er það í okkar höndum að halda áfram á réttri braut.